

Nr. 27/1908.

Óli Kr. Jónsson Coghill
gegn
Margrétu Hróbjartsdóttur.

D ó m u r :

Í barnsfaðernismáli þessu, sem hin stefnda Margrét Hróbjartsdóttir höfðaði gegn áfrýjandanum Óla Kr. Jónssyni Coghill fyrir lögreglurétti Reykjavíkur, var dómur uppkeðinn af nefndum rétti 14. desbr. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi vera sýkn í málinu, ef hann synjaði fyrir það með eiði að hafa átt holdlegt samræði við hina stefndu á þeim tíma, að hann gæti verið faðir að barni því, Ingibjörgu Láru, er hún ól 11. júní f. á., og skyldi málskostnaður þá falla niður, en ynni hann eigi þennan eið, skyldi hann greiða meðlag með nefndu barni og barnsfararkostnað hinnar stefndu eftir úrskurði yfirvaldsins, og ennfremur í málskostnað 10 kr. Hinn 17. desbr. f. á. lét stefnda birta dóminn fyrir áfrýjanda og 25. maí þ. á. fekk hún úrskurð bæjarfógetans í Reykjavík á hendur honum um greiðslu meðlags og barnsfararkostnaðar, og var úrskurðurinn birtur áfrýjanda 26. s. m. Þá áfrýjar hann lögregluréttardóminum til yfirréttarins með stefnu útgefinni 2. júní þ. á., og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum, þó svo, að áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum svo framarlega hann vinnur hinn umrædda eið. Af sinni hálfu hefir stefnda Margrét Hróbjartsdóttir krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum og að henni verði, hvernig sem málið annars fer, tildæmdur málskostnaður fyrir þessum rétti. Í þessu efni heldur

stefnda því fram, að það aðgerðaleysi áfryjanda, að hann eigi var búinn að taka út eiðstefnu áður en þriggja daga fresturinn var liðinn frá birtingu dómsins, eða að minsta kosti áður en dóminum var fullnægt með því að útgef-
inn var meðlagsúrskurður samkvæmt honum, svifti áfryjanda rétti til að skjóta dómnum til æðri réttar. Á þetta verður þó ekki fallist; fullnægingarfrestur dómsins, 3 daga fresturinn, hefir eigi réttarfarslega þýðingu fyrir áfryjun málsins, og það verður eigi heldur álitid, að áfryjandi hafi glatað réttinum til áfryjunar málsins fyrir þá skuld, að stefnda fekk hjá valdstjórninni meðlagsúr-
skurð samkvæmt ákvæðum dómsins; en dóminum var áfryjað af hálfu áfryjanda þegar er honum varð kunnugt um úrskurðinn. Það er þannig eigi ástæða til þess að frávísa málinu fyrir áminsta sök, og með því að annars er eigi ástæða til þess að vísa málinu frá ex officio, né til þess að ómerkja dóminn, og þar sem stefnda eigi hefir gagnáfrýjað málinu, verður að taka kröfu áfryjanda um staðfesting dómsins til greina, og það á þann veg, að málskostnaðarákvæði hans skuli einnig staðfest. Með tilliti til þess, að eigi verður álitid, að áfryjandi hafi haft tilefni til þess að skjóta málinu til yfirdómsins, þykir rétt að hann greiði hinni stefndu kostnað þann, sem af málsskotinu hefir leitt, og ákveðst hann 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður.
Áfryjandi Óli Kr. Jónsson Coghill greiði stefndu,

Margréti Hróbjartsdóttur, málskostnað fyrir yfir-
dómi 15 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur
frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 12. októbermánaðar.

Nr. 25/1908.

A. L. Petersen

gegn

Hallgrími Jónssyni.

D ó m u r :

Aðilar máls þessa, A. L. Petersen verkfræðingur og
Hallgrímur Jónsson kennari í Reykjavík, gjörðu skrifleg-
an samning sín á milli 8. maí f. á. um það, að Hall-
grímur skyldi vera aðstoðarmaður Petersens frá 9. maí
til 1. okt. f. á. við mælingu á Reykjavíkurbæ, er Petersen
hafði tekið að sér að gera. Skyldi Hallgrímur vera til
taks hvenær sem Petersen óskaði, þó ekki lengur en 6
stundir á sólarhring frá 9.—14. maí og eftir það eigi
lengur en 10 stundir á sólarhring að meðaltali. Fyrir
þetta starf skyldi Petersen greiða Hallgrími 45 kr. í maí,
70 kr. í júní, 75 kr. í júlí, 80 kr. í ágúst og 90 kr. í
septembermánuði. Samningsrof af annarshvors hálfu
skyldi varða 200 kr. sekt til meðsemjanda. Að starfi
þessu unnu þeir svo saman til 19. eða 20. júlí; þá lét
Petersen Hallgrím vita að samvinnu þeirra væri lokið,
og hann gæti ekki lengur notað aðstoð hans. Hall-
grímur taldi þetta samningsrof og höfðaði mál gegn
Petersen fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafðist þess,